



# Áætluð áhrif breytinga á virðisaukaskatti á fyrirtæki í ferðapjónustu

Greinargerð fyrir Samtök ferðapjónustunnar  
September 2017



## Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 sem lagt var fram í byrjun september af þáverandi ríkisstjórn var boðað að ferðapjónustan muni fara í almennt þrep virðisaukaskatts í janúar 2019.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022 var stefnt að því að færa gistiþjónustu og aðra ferðapjónustutengda starfsemi úr neðra þrepi í almennt þrep virðisaukaskatts þann 1. júlí 2018. Fjárlagafrumvarp fyrir 2018 gerir ráð fyrir því að ferðapjónustutengd starfsemi verði ekki færð úr neðra þrepi virðisaukaskatts í hið almenna fyrr en í upphafi árs 2019. Boðuðum skattabreytingum er ætlað að stuðla að sjálfbærari vexti ferðapjónustunnar, bættri skilvirkni virðisaukaskattkerfisins og að samræma rekstrarskilyrði atvinnugreina þannig að ferðapjónustan ryðji ekki öðrum atvinnugreinum úr vegi.

Í ársbyrjun 2019 mun hið almenna þrep virðisaukaskattsins lækka úr 24% í 22,5% líkt og áður var gert ráð fyrir.

Hagsmunaaðilar í ferðapjónustu hafa gert alvarlegar athugasemdir við þessar fyrirætlanir og bent á að sú hækkun sem verður á þjónustu fyrirtækja í ferðapjónustu við hækkun virðisaukaskatts komi á mjög óheppilegum tíma. Gengi krónunnar hefur styrkt það mikið á undanförunum misserum að hætta sé á að komum ferðamanna til landsins muni fækka og þeir sem koma muni dvelja skemur enda er verðlagning á gistiþjónustu nú þegar komin að sársaukamörkum í alþjóðlegum samanburði. Slík þróun er sérstaklega slæm fyrir ferðapjónustu utan höfuðborgarsvæðisins þar sem styttri dvöl ferðamanna muni hafa í för með sér samdrátt í þjónustu við ferðamenn úti á landi. Hér má einnig hafa í sambandi ört vaxandi samkeppni við Airbnb gistingu sem vaxið hefur mjög mikið á undanförunum árum og kannanir benda til þess að allt að 40% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu séu í slíkum gistingum. Samkeppni er að sjálfsögðu af hinu góða ef keppt er á jafnréttisgrundvelli en ljóst er að verulega vantar upp á að þeir sem bjóða upp á slíka gistingu standi skil á sköttum og gjöldum vegna rekstrarins.

Framangreind þróun hefur í takmörkuðum mæli komið fram í þeim fjárhagsupplýsingum fyrirtækja í ferðapjónustu sem eru stjórnvöldum aðgengileg og því líklegt að boðuð kerfisbreyting sé byggð á eldri fjárhagsupplýsingum sem lýsa illa núverandi stöðu fjölmargra fyrirtækja í ferðapjónustu.

## Fyrirvarar

- KPMG hefur unnið greinargerð fyrir Samtök ferðapjónustunnar (SAF) um möguleg áhrif af fyrirhuguðum breytingum á lögum um virðisaukaskatt.
- Vinnan er unnin í samræmi við verksamning milli aðila og var hún innt af hendi í ágúst og september 2017. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
- Vinnan er byggð á rekstrarupplýsingum, svo sem ársreikningum og reikningsskilum, frá félögum innan raða SAF auk annarra gagna sem KPMG aflaði sérstaklega.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að heimildir séu traustar. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessari skýrslu ber að túlka sem áreiðanleikakönnun, lögfræði- eða verðmatsráðgjöf.
- KPMG ber ekki ábyrgð á dreifingu skýrslunnar eftir að hún er afhent verkkaupa og því ekki á dreifingu þeirra trúnaðarupplýsinga sem í henni kunna að vera.
- Gert er ráð fyrir að skýrsla KPMG verði birt opinberlega eftir að hún hefur verið afhent og gerir KPMG ekki athugasemdir við það.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli upplýsinga sem fram koma í skýrslunni.

## Almennar upplýsingar um verkefnið

### Um verkefnið

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) fól KPMG að vinna úttekt á áhrifum boðaðra breytinga á virðisaukaskatti á afkomu fyrirtækja í ferðapjónustu með það að markmiði að stuðla að málefnalegri umfjöllun.

KPMG byggði vinnu sína á gögnum frá ferðapjónustufyrirtækjum, fyrst og fremst upplýsingum úr ársreikningum 2016 og reikningsskilum fyrstu 6 mánaða 2017. Óskað var eftir upplýsingum frá ferðapjónustufyrirtækjum innan Samtaka ferðapjónustunnar um rekstur ársins 2016 og fyrstu 6 mánaða 2017, sundurliðað eftir landshlutum hjá þeim hótélum sem hafa með höndum rekstur í fleiri en einum landshluta. Þær upplýsingar sem kynntar eru í skýrslunni eru unnar úr þeim upplýsingum sem fyrirtækin veittu. Niðurstöðurnar eru settar þannig fram að ekki er unnt að draga ályktanir um einstaka þátttakendur.

### Hótel:


Upplýsingar sem bárust frá hótelfyrirtækjum verða að teljast marktækar fyrir markaðinn í heild þar sem þær innifela upplýsingar frá fyrirtækjum sem samtals eru með 4655 hótélherbergi sem er um helmingur af öllum skráðum hótélherbergjum á landinu. Allar stærstu hótélkeðjur landsins tóku þátt í að veita upplýsingar auk nokkurs fjölda smærri rekstraraðila. Í flestum tilvikum eru rekstrarupplýsingar frá hótélum án áhrifa af fasteignarekstri þar sem flest hótél greiða húsaleigu, annað hvort til fasteignafélaga eða fasteignadeilda innan viðkomandi félags.

Tölulegar upplýsingar fyrir hótél eru settar fram sundurliðaðar eftir landshlutum vegna áranna 2015 og 2016. Upplýsingar sundurliðaðar á einstaka landshluta liggja ekki fyrir vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2017 og eru þær því settar fram í tvennu lagi, annars vegar fyrir höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina í heild.

### Hópperðabifreiðar:

Upplýsingar um rekstur hópperðabifreiðafyrirtækja fyrir árin 2015 og 2016 eru birtar fyrir viðkomandi atvinnugrein í heild. Lauslega áætlað ná framangreindar upplýsingar til um helmingis af heildarumsvifum þessarar greinar ferðapjónustunnar.

Fjöldi hótélherbergja á Íslandi



Heimild: Breytan.is

# Samandregnar niðurstöður

- Rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðapjónustu, sem verðleggja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum, hafa breyst mikið til hins verra á síðustu tveimur árum. Gengi Evru lækkaði um 23% frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2016 en á sama tíma hækkaði launavísitalan um 20%.
- EBITDA framlegð gististaða á landsbyggðinni er almennt mun lakari en á höfuðborgarsvæðinu og er meðalverð á herbergi og herbergjanýting mun lægri þar.
- Ef gististaðir úti á landi þyrftu að taka á sig alla hækkun virðisaukaskatts úr 11% í 22,5% myndi það leiða til mikils taprekstrar. Afkoma hjá hótelum á höfuðborgarsvæðinu myndi verða því sem næst 0 að meðaltali.
- Fjölgun ferðamanna sem fram kemur í talningu þeirra sem fara um Leifsstöð endurspeglast ekki í fjölgun gistinátta. Fjöldi sjálfteygifarþega hefur aukist vegna aukinna umsvifa flugfélaga og ferðamenn virðast almennt dvelja skemur en áður. Tekjur gististaða jukust að meðaltali um 13,5% milli fyrstu sex mánaða 2017 og 2016. Þrátt fyrir þessa aukningu tekna varð EBITDA framlegð þeirra sú sama milli ára.
- Svo virðist sem verðlagning gististaða sé komin að sársaukamörkum í alþjóðlegum samanburði og því er líklegt að frekari hækkun verðs muni hafa neikvæð áhrif á fjölda ferðamanna og þeir sem koma muni dvelja í styttri tíma en áður. Slíkar breytingar munu koma sérstaklega illa við gististaði úti á landi þar sem ferðamenn munu ferðast minna um landið vegna færri dvalardaga. Greinilegt er af nýjustu tölum um fjölda ferðamanna nú í sumar og fjölda gistinátta eftir landshlutum að þessi þróun er byrjuð.
- Afkoma hópílafyrirtækja lækkaði verulega milli áranna 2015 og 2016 og koma áhrif af hækkun á gengi krónunnar koma greinilega fram í rekstri þeirra á sama tíma og innlendir kostnaður, eins og laun, hækkaði verulega.
- Mikill misskilningur að færsla gistingar í herra þrep virðisaukaskatts sé til einföldunar á virðisaukaskattskerfinu þar sem veitingasala hótela verður áfram í lægra þrepi virðisaukaskatts.
- Hækkun virðisaukaskatts á gistingu mun bæta samkeppnisstöðu óskráðrar gistingar þar sem hvorki er staðið skil á virðisaukaskatti né öðrum lögboðnum gjöldum.

# Dæmi um breytingar á rekstrarskilyrðum fyrirtækja í ferðapjónustu

- Í töflunni hér til hliðar kemur skýrt fram hvernig rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðapjónustu, sem verðleggja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum, hafa breyst til hins verra á síðustu tveimur árum.
- Frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2016 lækkaði gengi Evru gagnvart krónu um 23%. Lækkun annarra mikilvægra gjaldmiðla var einnig mikil, þannig lækkaði gengi punds um 30% og bandaríkjadals um 11%. Lækkun dönsku krónunnar er í takt við lækkun Evrunnar.
- Á sama tíma og gengi krónunnar hefur hækkað verulega, með samsvarandi lækkun tekna hjá þeim sem selja þjónustu sína í erlendum gjaldmiðlum, hækkaði launavísitalan um 20% frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2016. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4% á sama tíma og byggingarvísitalan um 8%.
- Þegar litið er til þessara miklu breytinga sést greinilega að tekjur fyrirtækja í ferðapjónustu, mælt í krónum, hafa lækkað vegna styrkingar krónunnar á sama tíma og einn helsti kostnaðarliðurinn, laun, hefur hækkað verulega.
- Ljóst er að verð á þjónustu sem verðlögð er í krónum hefur hækkað, mælt í erlendum gjaldmiðlum, sem nemur hækkun krónunnar.

Dæmi um breytingar í gengi gjaldmiðla og vísitölum 2016 og 2015			
	2016	2015	Breyting
<b>Breyting á gengi gjaldmiðla milli ára:</b>			
EUR	-15,7%	-8,4%	-23%
USD	-12,9%	2,1%	-11%
GBP	-27,7%	-2,8%	-30%
DKK	-15,4%	-8,6%	-23%
<b>Vísitölubreytingar milli ára:</b>			
Vísitala neysluverðs	2,1%	2,0%	4%
Launavísitala	9,1%	9,7%	20%
Vísitala byggingarkostnaðar	1,6%	6,0%	8%

# Helstu niðurstöður fyrir hótél (1)

### Áhrif hækkunar virðisaukaskatts

- Ef hækkun virðisaukaskatts úr 11% í 22,5% hefði komið til í byrjun árs 2016 hefðu tekjur þeirra félaga sem þátt tóku í könnuninni lækkað um 1.858 m.kr. og framlegð þeirra lækkað um sömu fjárhæð ef þau hefðu tekið á sig alla hækkunina. EBITDA framlegð sem reksturinn hefði skilað hefði numið því sem næst sömu fjárhæð og afskriftir og fjármagnskostnaður þeirra félaga sem þátt tóku og því hefði afkoma þeirra á árinu orðið því sem næst 0. Það er því varla valkostur fyrir félögin að taka á sig alla hækkun virðisaukaskatts, samhliða því sem þau takast á við kjarasamningsbundnar launahækkanir, þar sem verðlagning þjónustunnar er þegar komin að sársaukamörkum í alþjóðlegum samanburði.
- Ljóst er að félög á Norðvesturlandi hefðu verið rekin með miklu tapi eftir þessa hækkun. Meðalverð og herbergjanýting er að jafnaði lægri þar en í öðrum landshlutum.
- Í tölum Hagstofunnar kemur fram að heildartekjur gististaða 2016 hafi numið 85.159 m.kr. (innifalið í þeirri fjárhæð er gisting, veitingasala, aðrar tekjur, söluverð seldra eigna o.s.frv.). Gisting nam um 64% af heildartekjum hótela 2016 og ef miðað er við það hlutfall af framangreindum heildartekjum hafa gistitekjur ársins numið 54.500 m.kr. Hækkun á virðisaukaskatti í 22,5% myndi þá lækka tekjur og afkomu gististaða um því sem næst 5.100 m.kr. ef þeir þyrftu að bera alla hækkunina.
- Erfitt er að meta mögulegar viðbótartekjur ríkissjóðs ef hækkun virðisaukaskatts kæmi til hækkunar á verði þjónustunnar þar sem líklegt verður að telja að tekjur félaganna myndu lækka vegna minni eftirspurnar. Sú mikla hækkun á gistingu sem orðið hefur á undanförunum árum m.a. vegna styrkingar krónunnar hefur til þessa haft óveruleg áhrif hjá hótélum þar sem mikil umfræftirspurn hefur verið eftir gistingu. Þetta kemur glögg fram í mikilli aukningu sem orðið hefur í annarri tegund gistingar eins og heimagistingu. Nú eru hins vegar teikn á lofti sem benda til þess að þessi staða sé ekki lengur uppi þar sem seld gisting hefur ekki aukist í takt við fjölgun ferðamanna. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2017 fjölgaði ferðamönnum sem fóru um Leifsstöð um 29,9% frá fyrra ári. Á sama tíma fjölgaði skráðum gistinguðum hjá Hagstofunni um 18,7%. Nýjustu tölur fyrir ágúst mánuð 2017 sýna að aukning gistingu á hótélum nam einungis 2% milli ára á sama tíma og ferðamönnum fjölgaði um 17,6%. Hér kemur væntanlega til að ferðamenn dveljast hér í færri daga en áður og hótél eiga í mikilli samkeppni við aðra tegund gistingar svo sem heimagistingu sem er aðeins að litlu leyti skráð. Rétt er að hafa í huga að í talningu ferðamanna í Leifsstöð eru farþegar sem ekki koma inn í landið, en eru aðeins að nýta flugvöllinn til að fara milli Evrópu og Ameríku, svonefndir sjálfteygifarþegar. Lækkandi verð á flugfargjöldum á undanförunum misserum kann einnig að hafa áhrif á það hvaða ferðamenn koma til landsins og dvalartíma þeirra hér.

### Mikill munur á afkomu gististaða eftir landshlutum

- Verulegur munur er á afkomu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og er hún verst á Norðvesturlandi. Rekstrarumhverfið á árinu 2017 hefur breyst þannig að þótt fleiri ferðamenn komi til landsins dvelja þeir skemur. Hótél á höfuðborgarsvæðinu virðast hafa haldið sinni stöðu en síður hótél úti á landi. Tekjuaukning hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni milli 2016 og 2017 var aðeins 2,5% þegar hún var 15,4% á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun er staðfest með upplýsingum frá bílaleigum þar sem fram hefur komið að meðalleigutími á bíl hefur styst um því sem næst einn dag frá fyrra ári.

### EBITDA framlegð hótela 2016 almennt betri en 2015 en fyrri hluti árs 2017 sambærilegur við 2016

- EBITDA framlegð hótela var almennt betri 2016 en 2015. EBITDA framlegð var að meðaltali 13,2% á árinu 2016 en 10,5% fyrir árið 2015.
- EBITDA framlegð fyrstu 6 mánaða 2017 var svipuð og á fyrstu 6 mánuðum 2016. Tekjur jukust um 15,4% á höfuðborgarsvæðinu milli ára en aðeins um 2,5% á landsbyggðinni.

# Helstu niðurstöður fyrir hótel (2)


### Aðrar áhugaverðar upplýsingar

- Rekstrarskilyrði á landsbyggðinni eru almennt erfiðari þar sem launakostnaður sem hlutfall af tekjum er að jafnaði mun hærri en á höfuðborgarsvæðinu sem skýrist m.a. af lakari herbergjanýtingu, almennt lægra meðalverði á gistingu og lægri meðalálagningu á seldar veitingar.
- Þau félög sem þátt tóku í könnuninni innheimtu ríflega 3.600 m.kr. í virðisaukaskatt af tekjum á árinu 2016. Rétt er að hafa í huga að um er að ræða virðisaukaskatt sem að meirihluta verður kostnaður hjá viðskiptavinum sem fá hann ekki endurgreiddan. Innskattur sem þessi félög greiða er útskattur hjá þeirra birgjum sem skila honum í ríkissjóð þannig að þau áhrif nettast út.
- Gistináttaskattur hækkaði úr 100 kr. í 300 kr. á gistinátteiningu 1. september 2017. Miðað er við að hækkinin muni ekki hafa áhrif og að unnt verði að innheimta hana að fullu hjá viðskiptavinum. Rétt er að hafa í huga að gistináttaskattur ber virðisaukaskatt og því hækkaði innheimtur virðisaukaskattur á hverja gistinátteiningu úr 11 kr. í 33 kr. við breytinguna. Ef virðisaukaskattur á gistingu hækkar í 22,5% mun virðisaukaskattur á gistináttaskatt hækka í 67 kr.

### Afleidd áhrif af hækkun virðisaukaskatts

- Því hefur verið haldið fram að hækkun gistingar í hærra þrep virðisaukaskatts sé gerð til einföldunar á virðisaukaskattskerfinu. Í því felst mikill misskilningur þar sem veitingasala hótela verður áfram í lægra þrepi virðisaukaskatts. Af því leiðir að algeng sala þjónustu sem er gisting með morgunverði verður eftir breytinguna í sitt hvoru virðisaukaskattsþrepinu með tilsvarendi villuhættu og freistnivanda í verðlagningu á þjónustunni.
- Mikið hefur verið fjallað um óskráða gistingu þar sem hvorki er staðið skil á virðisaukaskatti né öðrum lögboðnum gjöldum s.s. tryggingagjaldi af launum og tekjuskatti af hagnaði. Hækkun á virðisaukaskatti gerir samkeppni við slíka starfsemi ennþá erfiðari þar sem verðmunur á milli þeirra sem greiða virðisaukaskatt og þeirra sem ekki eru skráðir á virðisaukaskattsskrá eykst sem nemur hækkuninni. Í nýbirtri skýrslu Landsbankans er áætlað að velta Airbnb í Reykjavík hafi numið 6,1 ma.kr. á árinu 2016.

### Fjöldi hótelherbergja (fjólublár) og Airbnb skráningu (ljósblár) eftir landssvæðum 2017



Heimild: Breytan.is

# Helstu niðurstöður fyrir hópbílafyrirtæki

### Afkoma hópbílafyrirtækja 2016 var mun lakari en 2015

- Miklar breytingar urðu á afkomu hópbílafyrirtækja milli árana 2015 og 2016 til hins verra. Rekstrartekjur jukust um 15% milli ára en afkoman lækkaði verulega, eða úr því að vera 7,4% af tekjum í að vera aðeins 0,2%. EBITDA framlegð þeirra lækkaði úr 17,1% í 11,3% af tekjum.
- Framangreindur 15% tekjuauki milli ára gefur ekki rétta mynd af aukningu í umfangi rekstrar, þegar litið er til fjölgunar ferðamanna, vegna mikillar styrkingar á gengi krónunnar milli ára, en verulegur hluti tekna þessara fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlum. Þetta kemur glöggt fram þegar litið er til þess að launakostnaðar sem hlutfall af tekjum fer úr því að vera 36% af tekjum í 44%.
- Rétt er að hafa í huga að hópbílafyrirtæki urðu virðisaukaskattsskyld í ársbyrjun 2016 og því innifela fjárhæðir 2015 innskatt sem ekki fékkst endurgreiddur þá, en fékkst endurgreiddur 2016. Í útreikningum KPMG, sem gerðir voru við upptöku virðisaukaskatts, hafði upptaka hans þau áhrif að verð fyrir þjónustu þessara fyrirtækja þyrfti að hækka um því sem næst 3% við að fara inn í virðisaukaskattskerfið (að óbreyttum öðrum rekstrarforsendum). Mismunur á 11% virðisaukaskatti og 3% hækkunarþörf skýrðist af þeim innskatti af rekstrarkostnaði og fjárfestingum sem félögum væri heimilt að nýta. Með þessu hætti er unnt að halda því fram að áhrif af upptöku virðisaukaskatts hefði átt að lækka rekstrarkostnað félaga, sem ber virðisaukaskatt, um því sem næst 8%.

### Áhrif hækkunar virðisaukaskatts

- Ef þessi félög þurfa að taka á sig alla boðaða hækkun virðisaukaskatts og rekstur þeirra verður í sama horfi og árið 2016 yrði verulegt tap af rekstri þeirra eftir hækkunina. EBITDA framlegð ársins 2016 sem var 11,3% hefði orðið aðeins 2,5%.
- Ef miðað er við fjárhæðir úr ársreikningum 2016 þarf EBITDA framlegð að vera 11% til að ekki verði tap af rekstri hópbílafyrirtækja eftir boðaða hækkun virðisaukaskatts. Rétt er að benda á að vegna eðli rekstrar félaganna, þarf jafnan að endurfjárfesta stórum hluta afkomu í að endurnýja bifreiðaflota og að standa undir fjármagnskostnaði við að halda úti stórum flota hópferðabifreiða.





# Gisting

## Tölulegar upplýsingar

# Rekstrarupplýsingar fyrir fyrstu 6 mánuði áráanna 2017 og 2016

- Til að fá skýra mynd af afkomu hótela aflaði KPMG gagna frá öllum stærstu hótel fyrirtækjum landsins auk upplýsinga frá nokkrum fjölda annarra smærri rekstraraðila. Velta þeirra fyrirtækja sem veittu upplýsingar nemur um 50% af heildarumsvifum í greininni.
- Niðurstöðunum fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2017 er skipt í annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina í heild sinni þar sem ekki fengust upplýsingar frá öllum þátttakendum fyrir hvern landshluta.
- Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman niðurstöður úr reikningssskilum félaganna þar sem veittar eru upplýsingar um EBITDA framlegð og hlutfall.
- Tekjuaukning er milli ára bæði á höfuðborgarsvæðinu, 15,4%, og á landsbyggðinni, 2,5%. Þrátt fyrir þá aukningu stendur afkoma á höfuðborgarsvæðinu nánast í stað en tap af rekstri félaga á landsbyggðinni eykst.
- Meðalnýting hótela er nokkru meiri 2017 á höfuðborgarsvæðinu en á sama tíma 2016. Þrátt fyrir það batnar afkoma þeirra ekki. Hins vegar hefur nýting úti á landi ekki aukist að sama skapi.
- Félögin innheimtu 12,5% meiri virðisaukaskatt af tekjum 2017 en á sama tímabili 2016.

## Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á afkomu fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Rekstrarumhverfið á árinu 2017 hefur breyst þannig að þótt fleiri ferðamenn komi til landsins þá dvelja þeir skemur. Ferðamönnum fjölgaði á fyrstu sex mánuðum 2017 um 39,1% frá fyrra ári en á sama tíma fjölgaði gistinóttum á hótélum um 18,6%. Þessi þróun er staðfest með upplýsingum frá bílaleigum þar sem fram hefur komið að meðalleigutími á bíl hefur styst um því sem næst einn dag frá fyrra ári.
- Framlegð hótela á höfuðborgarsvæðinu lækkaði mun minna sem hlutfall af tekjum en úti á landi þar sem ferðamenn virðast fara minna út á land.

Yfirlit um rekstur hótela janúar - júní 2017 og 2016				
	Höfuðborgarsvæðið		Landsbyggðin	
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016	2017	2016
<b>Tekjur</b>				
Sala á gistingu	8.298	7.035	912	896
Sala á veitingum	3.872	3.457	580	559
Aðrar tekjur	600	575	32	32
Samtals tekjur	12.769	11.066	1.525	1.488
<b>Rekstrarkostnaður</b>				
Laun og launatengd gjöld	5.163	4.430	749	711
<i>Hlutfall af tekjum</i>	40,4%	40,0%	49,2%	47,8%
Annar rekstrarkostnaður	6.732	5.771	931	925
Samtals rekstrarkostnaður	11.895	10.201	1.681	1.636
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>874</b>	<b>865</b>	<b>-156</b>	<b>-148</b>
<i>EBITDA framlegð %</i>	6,8%	7,8%	-10,2%	-10,0%
Fjöldi herbergja	3.585	3.287	1.070	1.067
<b>Meðalverð á herbergi</b>	14,2-27,8	14,2-25,4	12,8-26,0	11,8-27,0
Meðalnýting hótélherbergja	73-88%	69-88%	30-86%	38-82%
<b>Virðisaukaskattur af tekjum</b>	<b>1.454</b>	<b>1.280</b>	<b>173</b>	<b>166</b>

# Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2016

- Til að fá skýra mynd af afkomu hótela aflaði KPMG gagna frá öllum stærstu hótelfyrirtækjum landsins auk upplýsinga frá nokkrum fjölda annarra smærri rekstraraðila. Velta þeirra fyrirtækja sem veittu upplýsingar nemur um 50% af heildarumsvifum í greininni.
- Niðurstöðunum er skipt upp eftir landshlutum þar sem upplýsingar fyrir höfuðborgarsvæðið eru birtar í einu lagi og síðan sérstaklega fyrir hvern landshluta, Norðvesturland, Norðausturland og Suðurland.
- Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman niðurstöður úr ársreikningum þar sem dregnar eru fram upplýsingar um EBITDA framlegð og hlutfall.
- Einnig eru veittar upplýsingar um fjölda herbergja hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni, meðalverð á herbergi og nýtingu.
- Að lokum eru veittar upplýsingar um virðisaukaskattsskil, en félögin sem um ræðir innheimtu samtals 3.600 m.kr. í virðisaukaskatt af sölutekjum.

Yfirlit um rekstur hótela 2016					
		Landsbyggðin			
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	<b>Reykjavík</b>	<b>NV land</b>	<b>NA land</b>	<b>Suðurland</b>	<b>Samtals</b>
<b>Tekjur</b>					
Sala á gistingu	15.291	443	1.967	2.092	19.793
Sala á veitingum	6.804	323	1.207	1.463	9.797
Aðrar tekjur	1.320	5	60	57	1.442
<b>Samtals tekjur</b>	<b>23.415</b>	<b>771</b>	<b>3.235</b>	<b>3.612</b>	<b>31.032</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Laun og launatengd gjöld	8.585	325	1.360	1.463	11.733
<i>Hlutfall af tekjum</i>	<i>36,7%</i>	<i>42,2%</i>	<i>42,0%</i>	<i>40,5%</i>	<i>37,8%</i>
Annar rekstrarkostnaður	11.451	309	1.785	1.672	15.218
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>20.036</b>	<b>635</b>	<b>3.144</b>	<b>3.135</b>	<b>26.951</b>
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>3.379</b>	<b>136</b>	<b>91</b>	<b>476</b>	<b>4.082</b>
<i>EBITDA framlegð %</i>	<i>14,4%</i>	<i>17,7%</i>	<i>2,8%</i>	<i>13,2%</i>	<i>13,2%</i>
Fjöldi herbergja	2.839	177	910	727	4.653
<b>Meðalverð á herbergi</b>	<b>15,1-25,5</b>	<b>14,4-15,6</b>	<b>13,1-15,6</b>	<b>12,9-28,0</b>	
Meðalnýting hótélherbergja	82-89%	51-62%	38-66%	37-88%	
<b>Virðisaukaskattur af tekjum</b>	<b>2.758</b>	<b>84</b>	<b>355</b>	<b>403</b>	<b>3.601</b>

## Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á afkomu eftir landshlutum. Þannig sker Norðausturland sig úr með lægstu afkomuna, þrátt fyrir mikil umsvif í landshlutanum, auk þess sem nýting og meðalverð er að jafnaði lægst í þeim landshluta. Meðalframlegð var 13,2% í heildina en hún var aðeins 2,8% á Norðausturlandi.
- Mikill munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Svo virðist sem hagkvæmni stærðar komi vel fram í þessum kostnaðarlið á höfuðborgarsvæðinu, enda eru árstíðabundnar sveiflur í rekstri mun meiri úti á landi.

# Rekstrarupplýsingar fyrir árið 2015

- Til að fá skýra mynd af afkomu hótela aflaði KPMG gagna frá öllum stærstu hótelfyrirtækjum landsins auk upplýsinga frá nokkrum fjölda annarra smærri rekstraraðila. Velta þeirra fyrirtækja sem veittu upplýsingar nemur um 50% af heildarumsvifum í greininni.
- Niðurstöðunum er skipt upp eftir landshlutum þar sem upplýsingar fyrir höfuðborgarsvæðið eru birtar í einu lagi og síðan sérstaklega fyrir hvern landshluta, Norðvesturland, Norðausturland og Suðurland.
- Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman niðurstöður úr ársreikningum þar sem dregnar eru fram upplýsingar um EBITDA framlegð og hlutfall.
- Veittar eru upplýsingar um fjölda herbergja hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni, meðalverð á herbergi og nýtingu.
- Að lokum eru veittar upplýsingar um virðisaukaskattsskil, en félögin sem um ræðir innheimtu samtals 2.824 m.kr. í virðisaukaskatt af sölutekjum.

Yfirlit um rekstur hótela 2015					
		Landsbyggðin			
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	<b>Reykjavík</b>	<b>NV land</b>	<b>NA land</b>	<b>Suðurland</b>	<b>Samtals</b>
<b>Tekjur</b>					
Sala á gistingu	11.204	202	1.651	1.465	14.523
Sala á veitingum	5.576	168	961	1.002	7.706
Aðrar tekjur	829	1	68	56	955
Samtals tekjur	17.610	371	2.680	2.523	23.184
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Laun og launatengd gjöld	6.613	176	1.107	1.023	8.919
<i>Hlutfall af tekjum</i>	37,6%	47,4%	41,3%	40,5%	38,5%
Annar rekstrarkostnaður	8.946	188	1.563	1.131	11.827
Samtals rekstrarkostnaður	15.559	364	2.669	2.153	20.747
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>2.050</b>	<b>7</b>	<b>10</b>	<b>370</b>	<b>2.437</b>
<i>EBITDA framlegð %</i>	11,6%	1,9%	0,4%	14,7%	10,5%
Fjöldi herbergja	2.653	166	894	520	4.233
<b>Meðalverð á herbergi</b>	14,6-22,5	12,3-13,5	13,0-14,9	14,9-27,5	
Meðalnýting hótélherbergja	58-87%	37-63%	44-60%	51-89%	
<b>Virðisaukaskattur af tekjum</b>	<b>2.262</b>	<b>40</b>	<b>301</b>	<b>285</b>	<b>2.887</b>

## Helstu niðurstöður:

- Verulegur munur er á EBITDA framlegð eftir landshlutum. Þannig skera Norðvesturland og Norðausturland sig úr með lægstu framlegðina, auk þess sem nýting og meðalverð er að jafnaði lægst í þeim landshlutum. Meðalframlegð var 10,5% í heildina en hún var aðeins 1,9% á Norðvesturlandi og 0,4% á Norðausturlandi.
- Mikill munur er einnig á launakostnaði milli landshluta mælt sem hlutfall af tekjum. Svo virðist sem hagkvæmni stærðarinnar komi vel fram í þessum kostnaðarlið á höfuðborgarsvæðinu.

## Áhrif boðaðrar hækkunar virðisaukaskatts á rekstur

Áhrif þess á rekstur 2016 að hótelin taki á sig alla hækkun virðisaukaskatts					
	Landsbyggðin				
Fjárhæðir í milljónum króna	Reykjavík	NV land	NA land	Suðurland	Samtals
<b>Tekjur</b>					
Sala á gistingu	15.291	443	1.967	2.092	19.793
Hækkun virðisaukaskatts	-1.436	-42	-185	-196	-1.858
Sala á veitingum	6.804	323	1.207	1.463	9.797
Aðrar tekjur	1.320	5	60	57	1.442
Samtals tekjur	21.979	729	3.050	3.415	29.174
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Laun og launatengd gjöld	8.585	325	1.360	1.463	11.733
Hlutfall af tekjum	39,1%	44,6%	44,6%	42,8%	40,2%
Annar rekstrarkostnaður	11.451	309	1.785	1.672	15.218
Samtals rekstrarkostnaður	20.036	635	3.144	3.135	26.951
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>1.943</b>	<b>95</b>	<b>-94</b>	<b>280</b>	<b>2.223</b>
EBITDA framlegð %	8,8%	13,0%	-3,1%	8,2%	7,6%

- Ef hækkun virðisaukaskatts úr 11% í 22,5% hefði komið til í byrjun árs 2016 hefðu tekjur þeirra félaga sem þátt tóku í könnuninni lækkað um 1.858 m.kr. og framlegð þeirra lækkað um sömu fjárhæð. EBIDTA framlegð upp á 2.223 m.kr. því sem næst sama fjárhæð og nemur afskriftum og fjármagnskostnaði þessara félaga og því hefði afkoma þeirra orðið því sem næst 0.
- Ljóst er að félög á Norðausturlandi hefðu verið rekin með miklu tapi eftir þessar breytingar.
- Ekki hefur verið tekið tillit til þess að gistináttaskattur hækkaði úr 100 í 300 kr. þann 1. september 2017. Í útreikningum er við það miðað að unnt sé að innheimta þá hækkun hjá viðskiptavinum.

- Ef áhrif hækkunar virðisaukaskatts úr 11% í 22,5% eru metin út frá rekstri félaganna á fyrstu 6 mánuðum 2017 hefðu tekjur þeirra félaga sem þátt tóku í könnuninni lækkað um 865 m.kr. og framlegð þeirra lækkað um sömu fjárhæð. EBIDTA framlegð fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu hefði lækkað í 95 m.kr. og úti á landi hefði hún orðið neikvæð um 242 m.kr.
- Líklegt má telja að áhrifin úti á landi séu vanmetin í þessum útreikningum þar sem viðbúið er að ferðamenn fari síður út á land vegna styttri dvalartíma. Væntanlega verða áhrifin meiri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og þá mest á Norðausturlandi.
- Ekki hefur verið tekið tillit til þess að gistináttaskattur hækkaði úr 100 í 300 kr. þann 1. september 2017.

Rekstur hótela janúar - júní 2017 og 2016 eftir hækkun virðisaukaskatts				
	Höfuðborgarsvæðið		Landsbyggðin	
Fjárhæðir í milljónum króna	2017	2016	2017	2016
<b>Tekjur</b>				
Sala á gistingu	8.298	7.035	912	896
Hækkun virðisaukaskatts	-779		-86	
Sala á veitingum	3.872	3.457	580	559
Aðrar tekjur	600	575	32	32
Samtals tekjur	11.990	11.066	1.439	1.488
<b>Rekstrarkostnaður</b>				
Laun og launatengd gjöld	5.163	4.430	749	711
Hlutfall af tekjum	43,1%	40,0%	52,1%	47,8%
Annar rekstrarkostnaður	6.732	5.771	931	925
Samtals rekstrarkostnaður	11.895	10.201	1.681	1.636
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>95</b>	<b>865</b>	<b>-242</b>	<b>-148</b>
EBITDA framlegð %	0,8%	7,8%	-16,8%	-10,0%

# Dæmi um hátt verðlag á Íslandi - er svigrúm til að hækka verð?

Fréttaskýringar

#efnahagsmál #verðlag

## Er Reykjavík meðal dýrustu borga heims?

Samkvæmt hagsjá Landsbankans sem birt var í gær lítur út fyrir að Reykjavík sé í flokki dýrustu borga heims. Aðrar greiningar sýna sömu niðurstöðu, en hátt verðlag hérlendis er aðallega vegna sterks krónunnar.

Jónas Atli Gunnarsson 6. júlí 2017

Verðlag í Reykjavík telst með því hæsta í heimi, samkvæmt þremur alþjóðlegum mælikvörðum á verðlag eftir borgum. Hins vegar er samanburður á verðlagi milli gjaldmiðla og tíma varasamur þar sem miklar breytingar á nafngengi skekkja myndina.

Greint var frá því í [hagsjá](#) Landsbankans í dag að Reykjavík sé orðin hlutfallslega dýrari en áður. Borgin er dýrust allra á Norðurlöndum og meira að segja dýrari en New York.

## Er Ísland dýrasta land í heimi?

Erlendir ferðamenn sem hingað koma hafa kvartað yfir háu verðlagi og þá hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu haft áhyggjur af mikilli styrkingu krónunnar. Við erum komin að ýmsum þolmörkum í hagkerfinu þegar ferðaþjónustan er annars vegar. Er Ísland uppselt? Og er Ísland dýrasta land í heimi?

16.3.2017 18:41

Heimild: Fréttaskýring á Stöð 2.



Bílaleigur hafa horft upp á meðalleigutíma bíla styttest á skömmum tíma og í sumum tilfellum hefur styttingin numið heilum degi yfir sumarið. Blaðamaður mbl.is hafði sambandi við þrjá stjórnendur bílaleigna til þess að spyrjast fyrir um þróun leigutíma.

Allir voru þeir sammála um að útleigðum bílum hefði fjölgað og að meðalleigutími væri skemmri þó að þeir væru ekki allir á einu máli um stærðargráðu.

Einn stjórnandi bílaleigu sem mbl.is hafði samband við sagði muninn vera merkjanlegan.

„Við sjáum ekki betur en að tíminn sé að styttest, menn eru að leigja í skemmri tíma en áður. Yfir sumarið hefur meðalleigutíminn styst um heilan dag.“

Hann segist ekki kunna skýringu í fljótu bragði en þróunin haldist líklega í hendur með fækkun gistinátta.

Heimild: Viðskipti | mbl | 27.8.2017

# Áhrif þess á tekjur að hækka verð á gistingu

- Ljóst er af þeim upplýsingum um rekstur hótela að lítið svigrúm er hjá hótelum á landsbyggðinni til að taka á sig hækkun virðisaukaskattsins. Hinn valkosturinn er að veita allri hækkuninni út í verðlagið og hækka verð á gistingu sem henni nemur. Viðbúið er að slík hækkun mun hafa áhrif á eftirspurn. Hversu mikil þau áhrif verða er ekki vitað, en þó má ætla af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um fjölda gesta og gistinætur að áhrifin yrðu mikil.
- Í töflunni hér til hliðar hefur verið lagt mat á það hversu mikill samdráttur getur orðið í seldri þjónustu þannig að afkoma fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu verði því sem næst 0. Miðað er við að 8,4% EBITDA framlegð (fyrir hækkun virðisaukaskatts) jafngildi 0 rekstrarárangri. Hlutfallið er reiknað út frá rekstrarupplýsingum hótela vegna ársins 2016 og gefur þetta hlutfall framlegð sem er jöfn afskriftum og fjármagnskostnaði þessara félaga 2016.
- Miðað við framangreindar forsendur mun 6,5% lækkun tekna (bæði af gistingu og veitingasölu) hafa þau áhrif að afkoma hótelfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu verður 0 við það að hækka verð á gistingu um alla hækkun virðisaukaskattsins úr 11% í 22,5%. Rétt þykir að miða við að veitingasala muni minnka í sama hlutfalli og fækkun hótलगesta.
- Sambærileg fækkun gesta myndi hafa verulega neikvæð áhrif á landsbyggðinni, sérstaklega á NV landi þar sem EBIDTA framlegð væri orðin neikvæð og því mikill taprekstur hjá félögum á því svæði.
- Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar má ætla að áhrif hækkunar virðisaukaskatts yrðu mun meiri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu og því kunna áhrifin þar eins og þau eru sett fram í töflunni hér til hliðar að vera vanmetin.

Áhrif þess á rekstur 2016 að hótelin veiti allri hækkun virðisaukaskatts út í verðlag					
		Landsbyggðin			
Fjárhæðir í milljónum króna	Reykjavík	NV land	NA land	Suðurland	Samtals
<b>Tekjur</b>					
Sala á gistingu	15.291	443	1.967	2.092	19.793
Sala á veitingum	6.804	323	1.207	1.463	9.797
Áhrif af hækkun virðisaukaskatts	-1.436	-50	-206	-231	-1.923
Aðrar tekjur	1.320	5	60	57	1.442
Samtals tekjur	21.979	721	3.029	3.381	29.109
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Laun og launatengd gjöld	8.585	325	1.360	1.463	11.733
Hlutfall af tekjum	39,1%	45,1%	44,9%	43,3%	59,3%
Annar rekstrarkostnaður	11.451	309	1.785	1.672	15.218
Samtals rekstrarkostnaður	20.036	635	3.144	3.135	26.951
<b>EBITDA framlegð</b>	<b>1.943</b>	<b>86</b>	<b>-116</b>	<b>245</b>	<b>2.158</b>
<b>EBITDA framlegð %</b>	<b>8,8%</b>	<b>12,0%</b>	<b>-3,8%</b>	<b>7,3%</b>	<b>7,4%</b>

# Mikil breyting á afkomu hótelfyrirtækja frá árinu 2011

KPMG framkvæmdi könnun á afkomu hótelfyrirtækja á árinu 2012 vegna ársins 2011. Helstu niðurstöður hennar koma fram í töflunni hér til hliðar. Fróðlegt er að bera þær niðurstöður saman við afkomu greinarinnar á árinu 2016. Helstu breytingar sem sjá má milli þessara kannana eru:

- EBITDA framlegð hótela á höfuðborgarsvæðinu hefur batnað verulega á milli þessara tímabila og var 14,4% á árinu 2016 en 2011 var hún aðeins 2,6%. Væntanlega kemur hér til mikil aukning á gistirými og aukin hagkvæmni stærðar í rekstri og hærra meðalverð vegna meiri eftirspurnar. Einnig hefur heilsársstarfsemi hótela á höfuðborgarsvæðinu aukist og sveiflur í rekstri þeirra minnkað þar sem eftirspurn utan háannar hefur vaxið.
- EBITDA framlegð hótela á landsbyggðinni hefur hins vegar lækkað nokkuð og var aðeins 9,2% að meðaltali á árinu 2016 á móti 16,9% á árinu 2011. Hugsanlega má rekja þessa lækkun til þess að fleiri hótél eru opin allt árið úti á landi, en heilsársstarfsemi hefur ekki enn fest sig nægjanlega í sessi og því hefur þessi breyting áhrif til lækkunar á framlegðarhlutfalli þeirra.

## Afcoma gististaða samkvæmt ársreikningum 2011

<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	<b>Reykjavík</b>	<b>Landsbyggð</b>	<b>Samtals</b>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala á gistingu	5.335	1.498	6.833
Sala á veitingum	2.348	844	3.192
Aðrar tekjur	297	63	360
<b>Samtals rekstrartekjur</b>	<b>7.980</b>	<b>2.405</b>	<b>10.385</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Húsnæðiskostnaður	2.728	660	3.388
<i>Hlutfall af rekstrartekjum</i>	<i>34,2%</i>	<i>27,4%</i>	<i>32,6%</i>
Annar rekstrarkostnaður	5.044	1.339	6.383
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>7.772</b>	<b>1.999</b>	<b>9.771</b>
<b>EBITDA fram legð</b>	<b>208</b>	<b>406</b>	<b>614</b>
<b>EBITDA %</b>	<b>2,6%</b>	<b>16,9%</b>	<b>5,9%</b>





# Hópbílafyrirtæki

## Tölulegar upplýsingar

# Rekstrarupplýsingar fyrir árin 2016 og 2015

- Til að fá skýra mynd af afkomu hópbílafyrirtækja óskaði KPMG eftir gögnum frá helstu hópbílafyrirtækjunum. Upplýsingar frá fyrirtækjum sem voru með tekjur upp á ríflega 13 ma.kr. á árinu 2016 og verður að telja að meðfylgjandi upplýsingar séu lýsandi fyrir rekstur félaga í þessum geira.
- Niðurstöðurnar sýna glögg að þrátt fyrir 15% veltuaukningu milli áranna 2015 og 2016 lækkar hagnaður verulega, eða úr því að vera 7,4% af tekjum í að vera aðeins 0,2%. EBITDA framlegð þeirra lækkar einnig úr 17,1% í 11,3%.
- Rétt er að hafa í huga að 15% tekjuaukning milli ára gefur ekki rétta mynd af aukningu í umfangi rekstrar vegna mikillar styrkingar á gengi krónunnar milli ára, en verulegur hluti tekna þessara fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlum.
- Athygli vekur mikil hækkun launakostnaðar milli ára, sem hækkaði úr því að vera 36% af tekjum í 44%.

Yfirlit um rekstur hópferðabíla 2016 og 2015			
Fjárhæðir í milljónum króna	2016	2015	Mismunur
<b>Tekjur</b>			
Sala	12.917	11.297	1.620
Aðrar tekjur	452	290	162
<b>Samtals tekjur</b>	<b>13.369</b>	<b>11.587</b>	<b>1.782</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld	5.893	4.175	1.719
<i>Hlutfall af tekjum</i>	<i>44,1%</i>	<i>36,0%</i>	
Annar rekstrarkostnaður	5.962	5.429	533
Afskriftir	1.009	679	330
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>12.864</b>	<b>10.282</b>	<b>2.582</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>505</b>	<b>1.304</b>	<b>-800</b>
Fjármagnskostnaður	-486	-218	-267
Tekjuskattur	3	-227	231
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>23</b>	<b>859</b>	<b>-836</b>
<b>EBITDA framlegð</b>			
	<b>1.513</b>	<b>1.983</b>	<b>-470</b>
<i>EBITDA %</i>	<i>11,3%</i>	<i>17,1%</i>	

# Áhrif boðaðrar hækkunar virðisaukaskatts á rekstur














- Ein leið til að meta áhrif boðaðrar hækkunar á virðisaukaskatti á rekstur hópbílafyrirtækja er að setja fram þau áhrif sem breytingin hefði haft á rekstur árána 2016 og 2015 ef hún hefði þá þegar tekið gildi. Til að draga fram sem skýrasta mynd af áhrifunum er gefin sú forsenda að engar aðrar breytingar hefðu átt sér stað. Eina fjárhæðin sem breytist við lækkun tekna af virðisaukaskatts-hækkuninni er reiknaður tekjuskattur, en miðað er við að lækkun tekna breyti skattstofni um sömu fjárhæð.
- Miðað er við að fyrirtækin geti ekki velt hækkuninni út í verðlagið og þurfi að taka hana á sig með samsvarandi lækkun tekna.
- Niðurstöðurnar sýna að afkoma ársins 2015, sem var mjög góð hjá þessum fyrirtækjum, hefði orðið nánast 0 og verulegt tap hefði orðið af rekstri þeirra á árinu 2016.
- EBITDA framlegð ársins 2016 sem var 11,3% hefði orðið aðeins 2,5%. Ef miðað er við fjárhæðir úr ársreikningum 2016 þarf EBITDA framlegð að vera 11% til að ekki verði tap af rekstri hópbílafyrirtækja.

Hópfæðabílafyrirtæki taka á sig alla hækkun virðisaukaskatts			
Fjárhæðir í milljónum króna	2016	2015	Mismunur
<b>Tekjur</b>			
Sala	12.917	11.297	1.620
Hækkun virðisaukaskatts	-1.213	-1.061	-152
Aðrar tekjur	452	290	162
<b>Samtals tekjur</b>	<b>12.156</b>	<b>10.526</b>	<b>1.630</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld	5.893	4.175	1.719
<i>Hlutfall af tekjum</i>	<i>48,5%</i>	<i>39,7%</i>	
Annar rekstrarkostnaður	5.962	5.429	533
Afskriftir	1.009	679	330
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>12.864</b>	<b>10.282</b>	<b>2.582</b>
Rekstrarhagnaður	-708	244	-952
Fjármagnskostnaður	-486	-218	-267
Tekjuskattur	246	-15	261
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>-947</b>	<b>10</b>	<b>-958</b>
<b>EBITDA framlegð</b>			
	<b>301</b>	<b>923</b>	<b>-622</b>
<b>EBITDA %</b>	<b>2,5%</b>	<b>8,8%</b>	



# Aðrar upplýsingar

# Virðisaukaskattur í nokkrum samanburðarlöndum

Land	Almennt skatthlutfall	Vsk. á gistingu	Vsk. á hópferðabíla
 Danmörk	25%	25%	25%
 Svíþjóð	25%	12%	6%
 Noregur	25%	10%	10%
 Finnland	24%	10%	10%
 Bretland	20%	20%	0%
 Sviss	8%	3,8%	8%
 Spánn	21%	10%	10%
 Holland	21%	6%	6, 21%
 Belgía	21%	6%	6%
 Ítalía	22%	10%	10%
 Írland	23%	9%	0%
 Þýskaland	19%	7%	7, 19%
 Frakkland	20%	10%	10%

## Good news for tourism businesses - their 9% VAT rate is safe

The rate came under scrutiny earlier this year but businesses say it has been instrumental to the sector's recovery.

Finance Minister Michael Noonan today told the Dáil that the 9% rate for businesses involved in tourism would remain at that level. He has previously stated that the rate was reduced in 2011 from **13.5%** to help reduce costs for the sector during a challenging time.

The government decided to retain the rate after the initial 2014 deadline "because the initiative had proved to be a major success, helping create over 15,000 new jobs at that time" he said in July this year.

Heimild: Írland, The Journal.ie 11. október 2016.



# Tengiliðir

Í tengslum við greinargerð þessa má hafa samband við:

Alexander G. Eðvardsson

Partner á skatta- og lögfræðisviði KPMG.

[aedvardsson@kpmg.is](mailto:aedvardsson@kpmg.is)





[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.